



**Stjórnarfundur Þekkingarsetursins á Blönduósi
haldinn fimmtud. 22. janúar 2015 kl. 9:30**

Dagskrá:

1. Staða mála.
2. Starfsáætlun 2015.
3. Endurnýjun samnings við MMR.
4. Önnur mál.

Katharina setti fund þar sem Arnar hefur boðað forföll. Mætt eru Valgarð Hilmarsson, Katharina Schneider og Þóra Sverrisdóttir sem ritar fundargerð.

1. Katharina fór yfir starfsemi og hvað unnist hefur frá síðasta stjórnarfundum. SVÓT greining var unnin vegna Þekkingarsetursins og send Menntamálaráðuneytinu. Mikið var að gera í prófsetu í desember vegna fjarnámsvers, bæði á framhalds- og háskólastigi. Einnig voru sjúkrapróf í janúar. Námskeið eru haldin á vegum farskólans í fjarnámsveri. Nemendur Listaháskólans voru hér í tæpa viku fyrir jól og fengu kennslu hjá Jóhönnu Pálmadóttur. Í janúar eru fimm textílnemendur frá dönskum handavinnuskóla.
2. Farið var yfir drög að starfsáætlun 2015 og gerðar tillögur að breytingum. Framkvæmdastjóri mun senda út til stjórnar til samþykktar.
3. Farið var yfir samning við Menntamálaráðuneytið vegna ára 2015-2017. Ekki voru gerðar athugasemdir við drögin sem ráðuneytið sendi. Formanni falið að undirrita samninginn.
4. Rætt var um hlutverk Þekkingarseturs og almenningsbókasafna, hugsanlega skörun og ýmsar hugmyndir í því sambandi.
Á næsta fulltrúaráðsfundi Þekkingarseturs þarf að skipa varamenn í stjórn skv. ábendingu frá Ríkisskattstjóra.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12.

Þóra Sverrisdóttir